



Póst- og fjarskiptastofnun  
Ársskýrsla 2013

---



PÓST- OG FJARSKIPTASTOFNUN



# Efnisyfirlit

---

<b>Ávarp forstjóra</b> .....	5
<b>Fjarskiptamál</b> .....	7
Fjarskiptamarkaðurinn á Íslandi .....	7
Helstu verkefni PFS á sviði markaðsgreininga á árinu 2013 .....	8
Markaðsgreiningar til að efla samkeppni .....	10
Framþróun evrópsks fjarskiptaregluverks .....	10
Uppbygging fjarskiptainnviða .....	10
Öryggi ómissandi upplýsingainnviða .....	11
Upplýsingar og þjónusta við neytendur .....	12
Breytingar á alþjónustu .....	13
Breytt fyrirkomulag upplýsingaþjónustu um símanúmer .....	13
Hröð tækniþróun, betri upplýsingar og eflt öryggi .....	14
Uppboð á tíðniheimildum fyrir 4G (LTE) þjónustu .....	14
Gagnagrunnur um fjarskiptainnviði .....	15
Netöryggissveit PFS - CERT-ÍS .....	16
<b>Póstmál</b> .....	17
Alþjónusta í pósti .....	17
Einkaréttur íslenska ríkisins .....	17
Stöðug fækkun bréfasendinga innan einkaréttar .....	17
Ákvarðanir PFS varðandi póstmál á árinu .....	18
Úrskurðir úrskurðarnefndar fjarskipta- og póstmála um póst .....	19
Dómsmál .....	19
Starfsemi PFS í tölum árið 2013 .....	20
<b>Póst- og fjarskiptastofnun árið 2013</b> .....	21
Ákvarðanir og úrskurðir .....	22
Ákvarðanir PFS .....	22
Úrskurðir úrskurðarnefndar fjarskipta- og póstmála .....	25
<b>Ársreikningur Póst- og fjarskiptastofnunar 2013</b> .....	26
<b>Skráð fjarskiptafyrirtæki í lok árs 2013</b> .....	28

---



## Ávarp forstjóra



### Árangursstjórnunarsamningur, áætlanir og fjárheimildir

Póst- og fjarskiptastofnun leggur áherslu á skýra markmiðasetningu og vel ígrundaða áætlanagerð í allri starfsemi sinni. M.a. er gerður árangursstjórnunarsamningur og er hann endurnýjaður reglulega. Innanríkisráðherra og forstjóri PFS undirrituðu nýjan árangursstjórnunarsamning fyrir stofnunina í nóvember 2013. Í samningnum er m.a. kveðið á um að stofnunin vinni að ýmsum verkefnum fjarskiptaáætlunar um aðgengi að fjarskiptaþjónustu, hagkvæma og skilvirka þjónustu, öryggi og umhverfisvernd. Einnig er fjallað um stjórnýsly og þjónustu stofnunarinnar, mannauð, gæðamál og rekstur. Ársáætlun stofnunarinnar byggir m.a. á markmiðum samningsins ásamt markmiðum viðeigandi laga. Í henni er fjallað um starfsemina og helstu verkefni. Um 80% afkastagetu stofnunarinnar er varið í ýmis stjórnýslyverkefni og um 20% í verkefni um framþróun í starfsháttum og sérstök verkefni að frumkvæði stofnunarinnar. Í ljósi niðurskurðar undanfarinna ára, sem að raungildi er yfir 20%, hefur þurft að forgangsraða verkefnum með afgerandi hætti og ýmis verkefni sem stofnunin telur æskilegt að sinna orðið að bíða betri tíma. Á árinu fækkaði starfsmönnum um 4, eða um 15%, vegna niðurskurðar. Hefur þetta haft veruleg áhrif á getu stofnunarinnar til að sinna lögbundnum skyldum sínum og viðhafa það eftirlit sem lög kveða á um. Vettvangsrannsóknir eru t.d. af afar skornum skammti og einkennist eftirlit stofnunarinnar í of miklum mæli af því að bregðast við kvörtunum og ábendingum, í stað kerfisbundins eftirlits að frumkvæði stofnunarinnar og samstarfs við markaðsaðila um að þróa regluverkið og túlkun þess með þarfir almennings og markaðarins í huga. Þetta hefur í för með sér að á sumum sviðum hefur stofnunin ekki þá yfirsýn sem hún teldi æskilega og áhöld eru um hvort markaðsaðilum og öðrum sé veitt það aðhald sem lög kveða á um.

### Öryggismál

Starfsemi PFS varðandi netöryggismál skiptist í tvo megin þætti. Annars vegar í almennt eftirlit með vernd og virkni

fjarskiptaneta og vernd og meðferð persónuupplýsinga í fjarskiptanetum og hins vegar starfsemi netöryggisveitar PFS. Fyrirnefndi hlutinn á rætur að rekja til ársins 2007 þegar stofnunin setti reglur varðandi þessi atriði. Stofnunin hefur haft eftirlit með markaðsaðilum varðandi innleiðingu þessara reglna og hefur innleiðingin orðið til þess að stærri markaðsaðilar innleiða nú tiltekna öryggisstjórnunarsaðla til að efla öryggi. Síðarnefndi hlutinn byggir á breytingu á fjarskiptalögum frá 2012. Þar var sett á laggirnar netöryggisveitin CERT-IS sem hefur það hlutverk að minnka hættu á netárásum og draga úr afleiðingum mögulegra netárása með samræmingu og aðstoð. Umræða um netöryggismál og hlutverk netöryggisveitarinnar var að vonum mikil í kjölfar alvarlegrar netárásar á vefsíðu Vodafone í lok nóvember þar sem persónuupplýsingum var stolið og þær birtar á internetinu. Gaf sveitin út sérstaka skýrslu um málið og birti á vefsíðu sinni. Vernd persónuupplýsinga hefur einnig verið ofarlega á baugi í ljósi uppljóstrana Edwards Snowden um starfshætti bandarískra yfirvalda. Viðbrögð við njónstarfsemi af þessu tagi falla ekki beint undir borgaralega starfsemi PFS, þó svo að almennar öryggisráðstafanir samkvæmt fjarskiptalögum geti nýst að einhverju leyti til að fyrirbyggja misnotkun. Ljóst er að mikið verk er óunnið í þjóðfélaginu við að herða enn frekar upp á öryggismálum fjarskipta- og upplýsingakerfa, sérstaklega hjá þeim aðilum sem reka ómissandi upplýsingainviði. Póst- og fjarskiptastofnun vinnur nú með innanríkisráðuneytinu, almannavarnadeild ríkislögreglustjóra og fleiri aðilum að frekari stefnumótun og útfærslu þessara mála.

### Fjórða kynslóð farneta (4G)

Tíðniheimildir fyrir fjórðu kynslóð farnetskerfa voru boðnar upp og þeim úthlutað á fyrri hluta ársins. Úthlutun með uppboði á tíðniheimildum er nýmæli hérlendis og var sú leið valin annars vegar til að tryggja jafnræði og gegnsæi við úthlutun og hins vegar til að koma til móts við þau sjónarmið að markaðsaðilar greiddu eðlilegt gjald fyrir tímabundinn aðgang að þeirri takmörkuðu náttúruauðlind sem felst í notkun fjarskiptatíðna. Við

hönnun uppboðsskilmálanna voru samfélagsleg sjónarmið höfð að leiðarljósi, þ.e. að gerð var krafa í tilteknum hluta tíðniheimildanna um að útbreiðsla þjónustunnar skyldi ná til nær allra landsmanna fyrir árslok 2016. 4G þjónusta hófst strax í kjölfar útgáfu tíðniheimildanna og náði um áramótin til um 85% landsmanna. Neytendur hafa tekið þjónustunni fegins hendi og notkun gagnþjónustu í farnetum hefur tvöfaldast með tilkomu 4G.

## Uppbygging fjarskiptainnviða

Í ljósi markmiða fjarskiptaáætlunar um aukið aðgengi allra landsmanna að öflugum háhraðatengingum hefur stofnunin beitt sér fyrir ýmsum aðgerðum til að bæta aðgengi að háhraðatengingum svo sem með útbreiðslukröfum í tíðniheimildum, samnýtingu tíðna til að auka hagkvæmni í uppbyggingu farneta og þróun markaðsgreininga og alþjónustu með það að markmiði að örva markaðsaðila til að byggja upp innviði fjarskipta. En betur má ef duga skal. Nauðsynlegt er að bæta stefnumótun og löggjöf og efla samræmingu og stuðla að samstarfi hagsmunaaðila til að nýta mögulega samlegð til uppbyggingar fjarskiptainnviða þar sem það á við. Fjarskiptaregluverk ESB, sem enn hefur ekki verið innleitt hér á landi, styður við áform um uppbyggingu fjarskipta-innviða. Nauðsynlegt er að innleiða það sem fyrst. Jafnframt þarf að búa stofnunina þeim stjórnþækjum og getu að hún fái raunverulega stutt við uppbyggingu og eflt samstarf mismunandi aðila þannig að stuðlað verði að hagkvæmri nálgun þar sem samlegð er nýtt.

## Póstmál

Vinna við endurskoðun kostnaðarlíkans einkaréttarþjónustu og alþjónustukostnaðar Íslandspósts hefur staðið yfir síðan árið 2011. Verkefnið kemur annars vegar til vegna fyrirséðrar innleiðingar tilskipana ESB um nýtt fyrirkomulag pósthjónustu þar sem einkaréttur póstsins er m.a. aflagður og hins vegar vegna mikilla breytinga á markaði með síminnkandi póstmagni. Verkefnið er flókið og viðamikilið og krefst m.a. endurskoðunar fyrirkomulags bókhaldslegs aðskilnaðar félagsins og öflunar viðamikilla gagna um kostnað og útdeilingu hans.

Á þessu tímabili hefur Íslandspóstur gjarnan kvartað undan því að stofnunin hafi ekki brugðist nógu hratt við hækunarbeiðnum félagsins vegna einkaréttarpósts í ljósi rekstrarstöðu þess. PFS tekur ákvarðanir um gjald-

skrárbreytingar á grundvelli fyrirbyggjandi gagna og hefur ekki staðið á stofnuninni að fjalla um og afgreiða slíkar beiðnir, séu fullnægjandi gögn til staðar, eins og margoft hefur komið fram í ákvörðunum stofnunarinnar. Einnig er rétt að benda á að afkoma Íslandspósts er háð mörgum þáttum öðrum en afkomu einkaréttarhluta starfsemi Íslandspósts, t.d. fjárfestingum í óskyldum rekstri, vörubrúun og fleiri atriðum. Metur stofnunin neikvæð áhrif þessara þátta í afkomu félagsins undanfarin ár sem nemur hundruðum milljóna króna.

Ákvarðanir stofnunarinnar er varða gjaldskrá Íslandspósts lúta eingöngu að einkaréttarhlutanum, sem er um 40% af starfsemi félagsins, og getur stofnunin einungis að mjög takmörkuðu leyti tekið tillit til þátta sem ekki falla beint undir þann hluta rekstrarins í gjaldskrárákvörðunum sínum. Verður að skoða rekstrarafkomu félagsins í þessu ljósi.

## Lokaorð

Póst- fjarskiptamál þróast hratt. Magn bréfaþósts minnkar og fyrirséðar eru breytingar á löggjöf um póst sem stuðla munu að enn frekari opnun markaðarins. Fjarskipti lúta í æ ríkari mæli lögmálum internetsins. Hefðbundin tal-símaþjónusta er nú einungis lítill, en afar mikilvægur, hluti af þjónustuframboði hefðbundinna fjarskipta-fyrirtækja. Samkeppni við þau kemur í æ ríkari mæli erlendis frá í formi samfélagsmiðla, tónlistarveitna og ýmiss konar samskiptaþjónustu. Leikreglur á markaði eru að breytast. Umræða um hlutleysi netsins mun verða ofarlega á baugi á næstu misserum, en þar verður einmitt tekist á um með hvaða hætti þjónusta verður veitt á internetinu. Í víðara samhengi mun umræða um stjórnsýslu internetsins þróast og verður þar leitað lausna á ýmsum ögrandi sviðum sem varða t.d. fyrirkomulag höfundarréttarmála, öryggi fjarskipta, vernd barna og almennings í netnotkun og viðskiptamódel þjónustuaðila á internetinu. Þrátt fyrir að aðgengi að fjarskiptaþjónustu hérlendis sé með því besta sem þekktist í heiminum þá þarf engu að síður að gera áttak til þess að tryggja þeim hluta landsmanna sem búa í strjálbýli aðgengi að háhraða interneti.


Eðli starfsemi PFS er því að breytast þannig að auk þess að stuðla áfram að opnum fjarskiptamarkaði þá þarf að stuðla að bættu öryggi og aðgengi. Jafnframt munu málefni internetsins í enn frekari mæli setja mark sitt á starfsemi stofnunarinnar á komandi árum.

# FJARSKIPTAMÁL


## Fjarskiptamarkaðurinn á Íslandi

Helstu breytingar á fjarskiptamarkaði árið 2013 tengdust aukinni tækniþróun. Þar standa upp úr síaukinn gagna-

flutningur í farnetum og tilkoma 4G tækninnar. Í tölfraeðiskýrslu PFS fyrir árið 2013 sést þessi þróun bæði í heildartekjum og fjárfestingum fyrirtækja á fjarskiptamarkaði.



**Heildartekjur eftir fjarskiptastarfsemi árin 2011 – 2013**  
(Heimild: Tölfraeðiskýrsla PFS fyrir árið 2013, bls. 35)



**Fjárfestingar fjarskiptafyrirtækja eftir fjarskiptastarfsemi árin 2011 – 2013**  
(Heimild: Tölfraeðiskýrsla PFS fyrir árið 2013, bls. 36)

PFS birtir tvisvar á ári tölfraeðiskýrslu um fjarskiptamarkaðinn. Skýrslan gefur góða mynd af tækniþróun, þjónustuframboði og neyslumynstri á Íslandi. Valdir þættir tölfraeðinnar eru síðan birtir á vef stofnunarinnar, á svokölluðu mælaborði fjarskiptamarkaðarins. Á mælaborðinu eru gögnin sett fram á myndrænan og aðgengilegan hátt þannig að notendum er gert kleift að skoða og vinna með einstaka þætti gagnanna.

Stofnunin tekur einnig þátt í virku samstarfi fjarskipta- eftirlitsstofnana Norðurlandanna um söfnun og úrvinnslu tölfraeðigagna um fjarskiptamarkaði landanna. Frá árinu 2010 hafa stofnanirnar árlega gefið út sameiginlega skýrslu um mitt ár þar sem fjarskiptanotkun íbúa þessara landa er borin saman. Árið 2012 bættust tvö af Eyrstrasaltslöndunum í hópinn, þ.e. Eistland og Litháen og í skýrslunni fyrir árið 2013 verður Lettland einnig komið inn í samanburðinn.

## Helstu verkefni PFS á sviði markaðsgreininga á árinu 2013

### Smásölumarkaður fyrir aðgang að fasta almenna talsímanetinu

Þann 18. júní 2013 birti PFS ákvörðun sína nr. 8/2013 varðandi smásölumarkað fyrir aðgang að fasta almenna talsímanetinu (markaður 1).

Niðurstaða PFS var að Síminn nyti ennþá umtalsverðs markaðsstyrks á þessum markaði. Því var kvöðum viðhaldið á félagið, m.a. um aðgang annarra fjarskiptafyrirtækja að fastaneti Símans og þjónustu á heildsölustigi á kostnaðargreindum verðum.

### Heildsölumarkaðir fyrir aðgang að föstum aðgangsnæti og breiðbandi

Í mars 2013 lauk PFS við frumdrög að markaðsgreiningu á heildsölumörkuðum fyrir aðgang að föstum aðgangsnæti (markaður 4) annars vegar og breiðbandsaðgang (markaður 5) hins vegar og kallaði eftir samráði við hagsmunaaðila um drögin. Á markaði fyrir aðgang að föstum aðgangsnæti hafði Míla verið útnefnd sem fyrirtæki með umtalsverðan markaðsstyrk og viðeigandi kvaðir lagðar á félagið skv. markaðsgreiningu árið 2007. Nú hafði sú breyting orðið að ljósleiðaratengingar voru komnar til sögunnar og markaðurinn því orðinn tæknilega hlutlaus. Míla hafði eins og áður afgerandi markaðshlutdeild á þeim markaði og það, ásamt fleiri atriðum, þótti að mati PFS renna stoðum undir að fyrirtækið væri ennþá með umtalsverðan markaðsstyrk á viðkomandi markaði. Í samráðsskjalinu kom því fram sú ætlun PFS að leggja viðeigandi kvaðir á félagið, m.a. kvöð um aðgang, jafnræði og eftirlit með gjaldskrá. Ekki væri þó ætlunin að leggja kvöð um eftirlit með gjaldskrá á Mílu að því er varðar ljósleiðaraheimtaugar, að vissum skilyrðum uppfylltum.

Á heildsölumarkaði fyrir breiðbandsaðgang (markaður 5), hefur Síminn frá árinu 2008 verið útnefndur með umtalsverðan markaðsstyrk og á honum hvílt viðeigandi kvaðir. Markaðshlutdeild Símans hafði lítið sem ekkert breyst frá fyrri greiningu. Því kynnti PFS í drögum sínum að markaðsgreiningunni þá ætlun sína að viðhalda þessari útnefningu Símans ásamt viðeigandi kvöðum. Þó hygðist stofnunin ekki, að svo stöddu, leggja á Símann kvöð um eftirlit með gjaldskrá að því er varðar veitingu breiðbandsaðgangs um ljósleiðaraheimtaugar, að vissum skilyrðum uppfylltum.

Nokkrar athugasemdir bárust í samráðinu í mars og í framhaldi af þeim og gerði PFS viðeigandi breytingar á markaðsgreiningunni og kallaði eftir afmörkuðu aukasamráði um þær þann 20. desember sl. Gert er ráð fyrir að endanleg ákvörðun um markaðsgreiningu á þessum tveimur mörkuðum verði birt sumarið 2014.



### Lækkun lúkningarverðs bætir hag neytenda

Í október birti PFS ákvörðun sína nr. 25/2013 um verðsamanburð á heildsölumarkaði fyrir lúkningu símtala í einstökum farsímanetum (markaður 7). Mælti stofnunin fyrir um að niðurstaða verðsamanburðarins skyldi verða grundvöllur hámarks lúkningarverðs Símans, Vodafone, Nova, IMC og Tals á árinu 2014, í stað kostnaðargreiningar Símans sem PFS samþykkti árið 2010. Þau verð sem umrædd kostnaðargreining Símans leiddi í ljós, 4 kr./mín, skyldu gilda út árið 2013. Samkvæmt framangreindum verðsamanburði skyldi hámarksverðið lækka í 1,64 kr./mín frá og með 1. janúar 2014.

Var þessi ákvörðun nánari útfærsla á fyrri ákvörðun stofnunarinnar um lækkun lúkningarverðs, nr. 3/2012, þar sem lúkningarverð átti að lækka úr 4 kr./mín. í 1,66 kr./mín. og átti lækkunin að taka gildi þann 1. júlí 2013. Þessi ákvörðun PFS var kærð til úrskurðarnefndar sem taldi þann frest sem fyrirtækjum var gefinn til að lækka verðið of skamman. Nefndin ógilti því, með úrskurði sínum nr. 6/2012, þann hluta ákvörðunar PFS sem laut að gildistökunni og því var ákvörðun stofnunarinnar, nr. 25/2013 tekin í október þar sem gildistökutíminn var framlengdur til áramóta 2013/2014.

Þær breytingar sem þessar ákvarðanir hafa í för með sér leiða til þess að ein meginforsendan fyrir mismunandi verði á farsímaþjónustu verður ekki lengur til staðar, þ.e. þegar hringt er í annað farsímafélag en viðkomandi er í viðskiptum við. Samkeppnisvandamál sem PFS hefur greint á þessum markaði má fyrst og fremst rekja til þess að það farsímafyrirtæki sem ræður yfir því farsímaneti þar sem símtalinu lýkur, er með einokunarstöðu á því neti. Flest samkeppnisvandamálin hafa tengst lúkningarverði og að mati PFS hefur í sumum tilvikum átt sér stað yfirverðlagning á símtölum milli kerfa. Kostnaðinum hefur verið velt yfir á þá notendur sem koma inn í kerfið úr öðrum farsíma- eða talsímanetum. Með umræddum ákvörðunum telur stofnunin að sjái fyrir endann á þessu samkeppnisvandamáli.

## Markaðsgreiningar til að efla samkeppni

Markaðsgreiningar eru stór þáttur í starfi PFS. Þeim er beitt til að efla samkeppni á markaði með því að greina stöðu markaðsaðila og leggja á viðeigandi úrræði ef samkeppni er ekki talin vera næg. Markaðsgreiningarnar eru unnar skv. tilskipunum og reglum ESB sem Ísland hefur innleitt í gegn um EES samninginn. Haft er samráð bæði við innlenda aðila og við Eftirlitsstofnun EFTA, (ESA) áður en endanlegar ákvarðanir um markaðsgreiningar eru birtar. Á árinu 2008 var fyrstu umferð markaðsgreininga á fjarskiptamarkaði lokið. Ári síðar var hafist handa við aðra umferð og var sú vinna í fullum gangi á árinu 2013. Fyrirhugað er að henni verði lokið á árinu 2014. Enn fremur verður áfram lögð áhersla á að fylgja eftir þeim kvöðum sem lagðar hafa verið á í kjölfar markaðsgreininga, og þá sérstaklega kostnaðargreiningum á heildsöluverðum.

### Framkvæmd markaðsgreininga má skipta í þrjú áfanga:

1. Skilgreina viðeigandi þjónustumarkaði og landfræðilega markaði.
2. Greina alla markaði, kanna hvort samkeppnin á þeim sé virk og taka ákvörðun um hvort þar finnst eitt eða fleiri fyrirtæki með umtalsverða markaðshlutdeild.
3. Taka ákvörðun um hvort leggja skuli á, viðhalda, breyta eða draga til baka kvaðir á fyrirtæki með umtalsverða markaðshlutdeild.

## Framþróun evrópsks fjarskipta-regluverks

### Uppbygging fjarskiptainnviða

Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins hefur sett metnaðarfull markmið um aðgengi íbúa aðildarríkja sambandsins að háhraða gagnaflytningsspjónustu. Þessi markmið birtast í hinni svo kölluðu stafrænu áætlun Evrópusambandsins (e. Europe Digital Agenda) sem er ígildi hinnar íslensku fjarskiptaáætlunar sem samþykkt er reglulega af Alþingi til nokkurra ára í senn. Í áætlun sambandsins er m.a. gert ráð fyrir því að öllum íbúum sambandsins standi til boða háhraða gagnaflytningsspjónusta, með gagnflytningshraða upp á 30 Mb/s, fyrir árið 2020. Stjórnvöldum innan sambandsins þykir það ljóst að þessu markmiði, ásamt öðrum markmiðum um aðgengi íbúa sambandsins að næstu kynslóðum neta, verði ekki náð nema virkuð séu úrræði umfram þau sem felast í hefðbundnum markaðslausnum. Í því felst að á hinum dreifðari og harðbýlli svæðum sambandsins munu ekki skapast samkeppnis- og markaðsforsendur til þess að fjarskipta-fyrirtæki standi fyrir slíki uppbyggingu án frekari aðkomu eða aðstoð frá hinu opinbera.

Með framangreint að leiðarljósi telur Evrópusambandið nauðsynlegt að nýta alla mögulega samlegð með öðrum uppbyggingarframkvæmdum, t.d. á sviði raforku-, veitu- og vegafamkvæmda, til þess að stuðla að hagkvæmri uppbyggingu á fjarskiptainnviðum. Í þessum tilgangi var á síðasta ári kynnt frumvarp að tilskipun um aðgerðir til lækkunar á kostnaði við uppbyggingu á háhraða fjarskiptanetum, sem nú hefur tekið gildi innan evrópska efnahagssvæðisins (EES) sem tilskipun nr. 2014/61/EB. Felur tilskipunin í sér rétt fjarskiptafyrirtækja til að nýta fyrirbyggjandi innviði á öðrum sviðum til samnýtingar fyrir fjarskipti og þátttöku í nýframkvæmdum á þessum sviðum. Til þess að slík samlegð og samnýting sé möguleg þarf að efla kortlagningu og gagnagrunnsgerð um fjarskipta-, raforku- og veitukerfi, ásamt tengdum kerfum, auk þess að kveða á um skyldu rekstraraðila á þessum innviðum til upplýsingaskipta. Mikilvægt er að upplýsingar sem þessar séu vistaðar miðlægt og séu fjarskiptafyrirtækjum aðgengilegar á einfaldan hátt. Meðal þess sem tilskipunin kveður á um er eftirfarandi:

- Koma á fót miðlægum gagnagrunni um fjarskiptainnviði til samnýtingar á þeim og miðlun upplýsinga rekstraraðila.
- Aðgerðir til að tryggja rétt netrekenda til þátttöku í jarðvegsframkvæmdum við uppbyggingu innviða á öðrum sviðum, t.d. raforku- og veitukerfa og mögulega einnig veg framkvæmdum.
- Aðgangur netrekenda að fyrirliggjandi innanhússlögnum til að bjóða fram háhraða gagnaflutningsþjónustu.
- Aðgerðir til að upplýsa um leyfisveitingaferli af ýmsu tagi, t.d. á sviði umhverfis- og skipulagsmála, og einfalda það eftir því sem hægt er.
- Útnefnt verði eftirlitsstjórnvald með framkvæmd tilskipunarinnar, m.a. um gagnagrunnsgerð og miðlun upplýsinga, auk þess sem að til staðar verði óháður úrskurðaraðili sem geti skorið úr um ágreiningsmál sem kunna að rísa um framkvæmd tilskipunarinnar.

### Öryggi ómissandi upplýsingainnviða

Á síðustu árum hefur orðið mikil vakning um nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja öryggi ómissandi upplýsingainnviða innan ríkja. Þetta eru innviðir á borð við raforkustýringarkerfi, rafrænt sjúkraskrárkerfi, rafrænt banka- og greiðslumiðlunarkerfi, o.s.frv. sem öll eru nauðsynleg í nútíma tæknivæddu samfélagi. Vaxandi ógn af netárásam, sem leitt geta til þess að slík kerfi lamist, séu jafnvel eyðilögð, eða úr þeim stolið viðkvæmum persónu-upplýsingum, hefur kallað á það að gripið sé til viðeigandi ráðstafana til að verja þau.

Innan fjarskipta hafa lengi verið gerðar kröfur til þess að netrekendur tryggðu heildstæði og öryggi fjarskiptaneta sinna, bæði m.t.t. rekstrarsamfelli þeirra og öryggis þeirra upplýsinga sem á þeim eru geymd og um þau fara. Framkvæmdastjórn ESB kynnti á síðasta ári tillögu að tilskipun um aðgerðir til að tryggja hátt stig öryggis innviða innan sambandsins almennt. Þessi tillaga að tilskipun hefur ennþá ekki verið afgreidd í löggjafarferli Evrópusambandsins, en áætlanir gera ráð fyrir að hún

verði samþykkt á þessu ári. Með henni er í meginatriðum verið að yfirfæra kröfur og hugmyndafræði um skipulag öryggismála innan fjarskipta á aðra ómissandi upplýsingainnviði þjóðfélagsins. Þessar kröfur eru m.a.:

- Krafa um skjalfestingu öryggisskipulags, þ.e. að rekstaraðili ómissandi upplýsingainnviða setji sér öryggisstefnu, framkvæmi áhættumat og geri skriflega lýsingu á öryggisráðstöfunum.
- Skylda til að tilkynna til eftirlitsstjórnvalds öll öryggisatvik.
- Að aðildarríki komi á fót netöryggisveit (CERT).
- Að útnefnt verði eftirlitsstjórnvald sem hafi umsjón með framkvæmd tilskipunarinnar, fylgi eftir kröfum um skjalfestingu á öryggisskipulagi, taki við tilkynningum um öryggisatvik og framkvæmi úttektir og prófanir á öryggisráðstöfunum.



## Upplýsingar og þjónusta við neytendur

---

Neytendur standa frammi fyrir margvíslegum og flóknum valkostum á fjarskiptamarkaði, bæði hvað varðar val og fyrirkomulag á tækjum og tengingum og ekki síður val á þjónustuaðilum. PFS leggur mikla áherslu á eflingu upplýsinga fyrir neytendur á fjarskiptamarkaði og þjónustu við þá þegar eitthvað ber útaf. Stofnunin tekur við erindum og kvörtunum neytenda vegna viðskipta þeirra við fjarskiptafyrirtæki. Slíkar kvartanir skipta hundruðum á ári hverju þó aðeins hluti þeirra endi í formlegu kvörtunarferli.



Upplýsingagjöf til neytenda og aðgerðir til að bæta hag þeirra, bæði á fjarskipta- og póstmarkaði, er eitt stærsta viðfangsefni PFS. Á vef stofnunarinnar, [www.pfs.is](http://www.pfs.is) er að finna sérstakan neytendahluta þar sem ýmsar upplýsingar eru miðaðar sérstaklega við neytendur.

PFS heldur einnig úti reiknivél um fjarskiptakostnað fyrir neytendur á slóðinni [www.reiknivél.is](http://www.reiknivél.is). Þar er á einfaldan hátt hægt að bera saman verð á mismunandi þjónustuleiðum fjarskiptafyrirtækjanna miðað við eigin notkun og forsendur.

---

## Breytingar á alþjónustu

Til alþjónustu í fjarskiptum teljast þeir þættir sem samkvæmt fjarskiptalögum skulu standa öllum neytendum til boða á viðráðanlegu verði, óháð landfræðilegri staðsetningu þeirra. Undanfarin ár hefur Póst- og fjarskiptastofnun lagt svo til óbreyttar alþjónustukvaðir á Símann hf. og síðar einnig Milu ehf. Lagaumhverfi varðandi alþjónustu hefur jafnframt staðið óbreytt. Að áliti Póst- og fjarskiptastofnunar má merkja ákveðna kyrrstöðu hvað varðar kerfisbundna endurnýjun á heimtauganetinu, sérstaklega í dreifðari byggðum landsins. Símsstöðvar eru yfirleitt staðsettar innan byggðakjarna og þess vegna eru tæknilegar takmarkanir við að nýta koparheimtaugar til að veita háhraða internetþjónustu til heimila sem eru tiltölulega fjarri stöðvunum. Því getur verið nauðsynlegt að leggja ljósleiðara í hinum dreifðari byggðum. Þetta hefur orðið til þess að nokkur sveitarfélög á landsbyggðinni hafa tekið sig til og tengt öll heimili innan sveitarfélagsins við ljósleiðara. Hins vegar hefur Mila ehf., sem nú ber alþjónustukvöð um að útvega öllum heimilum landsins tengingu við fastanetið, ekki farið út í það með heildstæðum og kerfisbundnum hætti að skipta út koparheimtaugum og setja ljósleiðaraheimtaugar í staðinn, enda er kvöðin tæknilega hlutlaus og koparheimtaug því fullnægjandi til uppfalla þau skilyrði sem í henni eru sett.

Póst- og fjarskiptastofnun telur að nauðsynlegt sé að endurskoða þá alþjónustukvöð, sem nú hvílir á Milu ehf. um að útvega tengingu við fastanetið, með það fyrir augum að skapa aukinn hvata til enduruppbyggingar í heimtauganetinu. Á árinu 2013 útbjó stofnunin umræðuskjal þar sem viðraðar voru hugmyndir hennar um hvernig mætti stuðla að þeirri endurnýjun. Var það kynnt hagsmunaaðilum í upphafi ársins 2014. Meðal þeirra hugmynda sem PFS lagði fram í umræðuskjalinu voru eftirfarandi:

- Að lækka kostnaðarbyrði alþjónustuveitanda við að útvega eða endurnýja tengingu hvers heimilis við fastanetið úr 650.000 kr. niður í 450.000 kr.
- Að aflétta kvöðinni um að útvega og viðhalda tengingu við fastanetið í þeim sveitarfélögum þar

sem lagðar hafa verið heimtaugar til viðbótar við heimtaugar alþjónustuveitanda.

- Að mæla fyrir um tiltekna kostnaðarskiptingu við nýlagningu eða endurnýjun á heimtaug, þar sem hámarkskostnaður alþjónustuveitanda, notanda og mögulega alþjónustusjóðs er ákveðinn.
- Að setja fram ákveðnar fyrirfram og gagnsæjar reglur fyrir ráðstöfun fjár úr alþjónustusjóði, s.s. að framkvæmdin sé útboðshæf og að meginreglan um opinn aðgang gildi fyrir slík heimtauganet.
- Almennur fyrirvari, með tilliti til mögulegra breytinga á lögum, að alþjónustuveitandi geti uppfyllt alþjónustukvaðir með öðrum tæknilegum lausnum, t.d. samanburðarhæfu þráðlausu aðgangsneti.

## Breytt fyrirkomulag upplýsingaþjónustu um símanúmer

Útgáfa rafrænnar og prentaðrar símaskrár ásamt upplýsingaþjónustu um símanúmer telst til svokallaðrar alþjónustu sem standa skal öllum landsmönnum til boða á viðráðanlegu verði. Lengst af hvíldi sú kvöð að veita þessa þjónustu á Símanum hf. (og forverum félagsins) og síðar á fyrirtækinu Já upplýsingaveitur hf. Reynsla undanfarinna ára hefur leitt í ljós að unnt er að starfrækja umrædda þjónustu á markaðs- og samkeppnisforsendum og hafa fleiri aðilar en Já upplýsingaveitur hf. lýst yfir áhuga á að hasla sér völl á þessum markaði.

Við skoðun þessara mála hjá Póst- og fjarskiptastofnun kom á hinn bóginn í ljós að ekki væri samræmi um það hvað teldust vera grunnupplýsingar í símaskrá og að símafyrirtæki gætu ekki að öllu leyti tryggt réttlæika skráninga þessara upplýsinga, t.d. um bannmerki, þar sem að breytingum á grunnupplýsingum væri ekki alltaf miðlað til baka til fjarskiptafyrirtækja frá Já upplýsingaveitum hf. Virtist því ljóst að símafyrirtæki gætu ekki uppfyllt þær skyldur sínar samkvæmt fjarskiptalögum, að geta miðlað tryggilega réttum grunnupplýsingum um áskrifendur sína til annarra aðila sem hyggjast gefa út símaskrá eða starfrækja upplýsingaþjónustu um símanúmer. Af þessum sökum boðaði Póst- og fjarskiptastofnun til samráðs við

hagsmunaaðila í júní 2013, um nýtt fyrirkomulag um miðlun upplýsinga fyrir símaskrár og upplýsingaþjónustu um símanúmer. Skyldi hið nýja fyrirkomulag taka gildi sumarið 2014. Niðurstaða samráðsins var að þetta nýja fyrirkomulag skyldi m.a. fela í sér eftirfarandi breytingar:

- Símafyrirtæki bera ábyrgð á réttleika grunnupplýsinga um áskrifendur sína í símaskrá og er skylt að miðla þeim til annarra fjarskiptafyrirtækja og/eða upplýsingaþjónustuveitenda sem eftir þeim óska.
- Símafyrirtækjum er heimilt að útvista vinnslu og skráarhaldi um símskráruþýsingar til vinnsluaðila.
- Í samningum við vinnsluaðila eða þjónustuveitanda um miðlun upplýsinga til þjónustuveitenda skal vera skilmáli um að upplýsingum um allar breytingar sem gerðar eru á grunnupplýsingum áskrifenda sé miðlað til baka til þess símafyrirtækis sem þjónar umræddum áskrifendum.
- Aflétt verði kvöðum á Já upplýsingaveitur hf. um að veita upplýsingaþjónustu um símanúmer og útgáfu rafrænnar símaskrár, en að félagið haldi áfram að gefa út prentaða símskrá til næstu þriggja ára samkvæmt skuldbindandi yfirlýsingu.
- Númerið 118 skuli afturkallað til að jafna samkeppnisstöðu aðila og að upplýsingaþjónusta um símanúmer verði framvegis veitt í númeraröðinni 18XX.
- PFS setji verklagsreglur um framkvæmd upplýsingamiðlunarinnar.

## Hröð tækniþróun, betri upplýsingar og eflt öryggi

Á árinu 2013 var unnið að nokkrum stórum verkefnum innan tæknideildar Póst- og fjarskiptastofnunar, auk hinnar reglubundnu starfsemi, svo sem skipaskoðana, númeraúthlutana, tíðniúthlutana o.m.fl. Stærstu verkefni voru uppboð og úthlutun tíðna fyrir 4G fjarskiptatækni og gerð nýs gagnagrunns um fjarskiptainnviði. Auk þessa hófst starfsemi netöryggissveitar PFS, CERT-ÍS, með formlegum hætti þegar reglugerð innanríkisráðherra þar um tók gildi þann 1. júní.

### Uppboð á tíðniheimildum fyrir 4G (LTE) þjónustu

Í febrúar 2013 fór fram rafrænt uppboð á tíðniheimildum fyrir 4G á sérstökum uppboðsvef Póst- og fjarskiptastofnunar. Þetta var í fyrsta sinn sem slík aðferð er notuð á Íslandi til að úthluta notkunarheimildum á þeirri auðlind sem tíðnisviðið er. Fjórir aðilar sendu inn þátttökubeiðni í uppboðinu og uppfylltu þeir allir þau skilyrði sem sett voru fyrir þátttökunni. Það voru því 365 miðlar ehf., Fjarskipti hf. (Vodafone), Nova ehf. og Síminn hf. sem tóku þátt. Alls var um að ræða tíu tíðniheimildir. Boðnar voru upp 60 MHz (2x30 MHz) í samtals fimm tíðniheimildum á 800 MHz tíðnisviðinu og 50 MHz (2x25 MHz) í fimm tíðniheimildum á 1800 MHz tíðnisviðinu.

Heildarfjárhæð boða í allar tíðniheimildir var 225.120.000 kr. en lágmarksboð hljóðuðu upp á 205.000.000 kr. Runnu endanlegir fjármunir til fjarskiptasjóðs, að frá-dregnum afslætti af tíðniheimild A. Afslátturinn var gefinn vegna mikilla uppbyggingarkrafna næstu kynslóðar farnets á tíðniheimild A sem gerðar voru í ljósi samfélagslegs mikilvægis þess.

365 miðlar ehf. áttu hæsta boð í tíðniheimildir A og B (2x15 MHz á 800 MHz tíðnisviðinu), Fjarskipti hf. átti hæsta boð í tíðniheimildir D, E og I (2x10 á 800 MHz og 2x5 á 1800 MHz tíðnisviðunum), Nova ehf. átti hæsta boð í tíðniheimildir C og J (2x5 á 800 MHz og 2x5 á

1800 MHz tíðnisviðunum) og Síminn hf. átti hæsta boð í tíðniheimildir F, G og H (2x15 MHz á 1800 MHz tíðnisviðinu).

Niðurstaða uppboðsins þýddi að nýtt fjarskiptafyrirtæki, 365 miðlar ehf., sótti inn á íslenskan fjarskiptamarkað. Með því að bjóða í tíðniheimild A skuldbatt fyrirtækið sig til að byggja upp næstu kynslóðar farnet sem ná skal til 99,5% íbúa á hverju skilgreindu landssvæði fyrir sig. Farnetið verður því eitt stærsta fjarskiptanet landsins. Uppbyggingu þess á að vera lokið fyrir lok árs 2016 og skal það þá bjóða upp á 10 Mb/s gagnaflutningshraða. Gagnaflutningshraðinn verður síðan aukinn og skal vera orðinn 30 Mb/s í lok árs 2020.

### Gagnagrunnur um fjarskiptainnvíði

Á árinu var unnið innan PFS að uppbyggingu gagnagrunns um þá fjarskiptainnvíði sem snúa að þráðlausum fjarskiptanetum. Gagnagrunninum er ætlað að halda utan um ýmsar upplýsingar um fjarskiptasendistaði, m.a. staðsetningu, hæð mastra og sendistyrk. Þessar upplýsingar verða nýttar til margvíslegra hluta, t.d. við truflanaleit og fyrirbyggjandi aðgerðir til að koma í veg fyrir truflanir, við úthlutun tíðna og við gerð útbreiðslukorta. Unnið verður áfram að þessu verkefni á árinu 2014, m.a. verða birt útbreiðslukort á vef PFS og hafin uppbygging gagnagrunns fyrir stofnnet og aðgangsnét (fastlínu).

Í töflunni hér fyrir neðan má sjá niðurstöður uppboðs á tíðnum fyrir 4G.

Hæstbjóðandi	Tíðnisvið	Tíðniheimild	Hæsta boð
365 miðlar ehf.	791-801/832-842 MHz	A	100.000.000 kr.
	801-806/842-847 MHz	B	20.000.000 kr.
Fjarskipti hf.	811-816/852-857 MHz	D	20.000.000 kr.
	816-821/857-862 MHz	E	21.000.000 kr.
	1759-1764/1854-1859 MHz	I	5.000.000 kr.
Nova ehf.	806-811/847-852 MHz	C	20.000.000 kr.
	1779-1784-1874-1879 MHz	J	10.150.000 kr.
Síminn hf.	1725-1730/1820-1825 MHz	F	5.665.000 kr.
	1730-1735/1825-1830 MHz	G	5.305.000 kr.
	1735-1740/1830-1835 MHz	H	18.000.000 kr.
<b>Samtals:</b>			<b>225.120.000 kr.</b>



## Netöryggisveit PFS – CERT-ÍS

Innan PFS er starfrækt netöryggisveit á landsvísu. Helstu markmið sveitarinnar eru uppbygging viðbragðsgetu innanlands gegn netárásum og aukin vitund um netöryggismál, meðal annars með virkri upplýsingamiðlun og samvinnu. Í júní 2013 tók gildi reglugerð um netöryggisveitina og hófst starfsemi hennar með formlegum hætti í kjölfarið. Tekst sveitin nú reglulega á við netöryggisatvik í samvinnu við fjarskiptafyrirtækin, jafnframt því sem stöðugt er unnið að því að þróa starf hennar og sameiginlegan viðbúnað.

Einn mikilvægasti þáttur netvarna á Íslandi er þekking og skilningur á þeim öryggisatvikum sem eiga sér stað á netinu á hverjum tíma. Í þessum tilgangi hefur sveitin lagt áherslu á að virkja upplýsingamiðlun milli aðila innan netumdæmis sveitarinnar, sem og á landsvísu. Slík upplýsingamiðlun byggir á sjálfvirkum kerfum, auk samræmdra aðgerða af hálfu netrekenda. Unnið hefur verið að gerð þjónustuvefs ætluðum samstarfsaðilum sem hefur þann tilgang að veita hverjum aðila heildarsýn á sína stöðu og stefnt er á hann verði opnaður á árinu 2014.

Við uppbyggingu sveitarinnar hefur skapast mikil þekking á málefnum er varða netöryggi innan PFS og hefur þar norræn og evrópsk samvinna leikið lykilhlutverk. Í samræmi við alþjóðlegar leiðbeiningar hafa verið skilgreindir verkferlar fyrir netöryggisveitina sem eru hluti af gæðakerfi PFS, sem og þjónustulýsing sem finna má á heimasíðu sveitarinnar ([www.cert.is](http://www.cert.is)).

### Netútlaginn - innanlandsæfing

Í nóvember var haldin fyrsta innlenda netvarnaræfingin undir stjórn CERT-ÍS. Gekk hún undir nafninu Netútlaginn 2013. Æfingin var skrifborðsæfing (e. tabletop exercise), þar sem þátttakendur og skipuleggjendur sitja allir við sama borð. Sá netöryggisveitin um undirbúning æfingarinnar og ut anumhald, með innleggi frá þátttakendum. Ímynduð atburðarás var sett af stað og skoðað hvaða viðbrögð voru viðhöfð. Eftir æfinguna var svo farið með þátttakendum yfir það hvernig viðbrögðin hefðu reynst, hvaða atriði virkuðu vel og hvar mætti bæta úr.

Munu slíkar æfingar, sem og æfingar þar sem líkt er eftir raunverulegum atburðum, verða reglulegur þáttur í starfsemi sveitarinnar.

### Árás á Vodafone

Laust eftir miðnætti þann 30. nóvember 2013 voru vefsíður Vodafone á Íslandi eyðilagðar, meðal annars þjónustusíður fyrirtækisins, og markaði það enda innbrots á vefþjóna fyrirtækisins. Stuttu síðar var miklu af viðkvæmum gögnum lekið á netið sem stolið hafði verið í innbrotinu.

Í atvikinu reyndi í fyrsta sinn á skipulag, þekkingu og reynslu netöryggisveitarinnar við að meðhöndla stór öryggisatvik undir tímapressu. Á heildina litið virkuðu verkferlar sveitarinnar að mestu í samræmi við fyrirætlanir. Fjöldmörg atriði komu þó í ljós sem lagfæra þarf í starfi sveitarinnar, í lagaumhverfinu og í samskiptum við ytri aðila.

Þegar starfsmenn CERT-ÍS voru kallaðir út var t.d. nokkuð líðið frá því að innbrotið uppgötvaðist, eða um 11 klukkustundir. Nauðsynlegt er að gera viðeigandi breytingar á fyrirkomulagi tilkynninga til sveitarinnar og starfstíma hennar svo stytta megi þennan tíma verulega.

Þegar atvikið er rýnt er ljóst að bæta þarf öflun og miðlun upplýsinga um yfirstandandi atvik þar sem miðlun slíkra upplýsinga innan þjónustuhópsins er ein helsta og áhrifamesta aðgerðin sem sveitin hefur á valdi sínu. Án slíkra upplýsinga eru aðrir aðilar í mikilli óvissu um öryggi eigin kerfa og verða því óhjákvæmilega að fara í hugsanlega óþarfan viðbúnað.

Við þetta tiltekna atvik reyndi ekki mikið á samhæfingarhlutverk sveitarinnar. Þrátt fyrir það hafði hún nægum verkefnum að sinna, svo sem upplýsingamiðlun. Ljóst er því að ef um útbreiddari atvik er að ræða þar sem samræming viðbragða er stór þáttur mun geta sveitarinnar takmarkast af því hversu faliðuð hún er.

Skýrslu sveitarinnar um atvikið má finna á heimasíðu hennar ([www.cert.is](http://www.cert.is)).



## PÓSTMÁL

Póst- og fjarskiptastofnun veitir heimildir til að starfrækja póstpjónustu skv. 12. gr. laga um póstpjónustu nr. 19/2002. Póstpjónusta nær til móttöku og söfnunar, flokkunar, flutnings og skila á póstsendingum gegn greiðslu. Heimildir til að starfrækja póstpjónustu eru tvenns konar, almenn heimild og rekstrarleyfi. Almenn heimild felur í sér réttindi til að starfrækja póstpjónustu, aðra en þá sem telst til alþjónustu skv. 6. gr. laga nr. 19/2002. Þrjú fyrirtæki hafa slíka heimild; Burðargjald ehf., Póstmarkaðurinn ehf. og Prentsmiðjan Oddi ehf. Rekstrarleyfi þurfa póstrekendur sem hyggjast veita alþjónustu, þ.e. þá póstpjónustu sem allir landsmenn eiga rétt á, án tillits til búsetu og á viðráðanlegu verði. Við leyfisveitingu er PFS heimilt að leggja á kvaðir um alþjónustu alls staðar á landinu eða afmarkaða þætti alþjónustu á tilgreindu svæði. Tvö fyrirtæki hafa rekstrarleyfi á póstmarkaði; Íslandspóstur hf. og Póstdreifing ehf.

### Einkaréttur íslenska ríkisins

Frá 1. janúar 2006 hefur íslenska ríkið haft einkarétt á póstpjónustu vegna póstsendinga bréfa allt að 50 g. að þyngd, svo framarlega sem burðargjaldið er minna en 2,5 sinnum lægsta burðargjald sem gildir fyrir venjuleg bréf innan lands. Sama gildir um dreifingu innanlands á bréfum frá útlöndum innan sömu takmarkana. Íslenska ríkið hefur einnig einkarétt á útgáfu frímerkja, uppsetningu póstkassa á almannafæri og er einu heimilt að nota póstlúðurmerkið til að kynna póstpjónustu. PFS veitir rekstrarleyfishafa leyfi til að annast einkarétt

### Alþjónusta í pósti

Alþjónusta er sú þjónusta sem allir landsmenn eiga rétt á að hafa aðgang að á viðráðanlegu verði. Alþjónusta í pósti nær til póstsendinga innanlands og til annarra landa.


Eftirfarandi þjónusta fellur undir alþjónustu í pósti:

- Aðgangur að afgreiðslustað rekstrarleyfishafa
- Útburður einu sinni á dag alla virka daga nema kringsmæður og landfræðilegar aðstæður hindri slíkt
- Póstpjónusta vegna:
  - o bréfa og orðsendinga með utanáskrift
  - o dagblaða, vikublaða, tímarita, bóka og verðlista með utanáskrift
  - o ábyrgðarsendinga
  - o tryggðra sendinga
  - o fjármunasendinga
  - o blindrasendinga allt að tveimur kílóum
  - o bögglasendinga allt að tuttugu kílóum

ríkisins skv. V. kafla laga nr. 19/2002. Íslandspóstur hf. hefur frá 28. janúar 1998 farið með einkarétt ríkisins.

### Stöðug fækkun bréfasendinga innan einkaréttar

Eins og sést á súluritinu hér fyrir neðan heldur sú þróun áfram að bréfasendingum innan einkaréttar fækkar. Árið 2005 voru slíkar póstsendingar yfir 50 milljónir. Átta árum síðar, á árinu 2013 er fjöldinn kominn niður í rúmlega 30 milljónir og skv. áætlun Íslandspósts er gert ráð fyrir að þessum sendingum fækki enn og þær verði tæpar 27 milljónir á árinu 2014.



## Ákvarðanir PFS varðandi póstmál á árinu

### Krafa Íslandspósts um nafnmerkingu bréfa

#### Ákvörðun nr. 1/2012

PFS komst að þeirri niðurstöðu að Íslandspóstur hafi heimild til að endursenda póst vegna skorts á merkingu bréfa, en með ákveðnum skilyrðum þó.

### Kvörtun vegna fyrirhugaðra breytinga Íslandspósts á gjaldskrá

#### Ákvörðun nr. 3/2013

Bráðabirgðaákvörðun PFS vegna kvörtunar Árvakurs hf. vegna fyrirhugaðrar hækkunar Íslandspósts á gjaldskrá í þyngdarflokknum 51- 2000 gr. Niðurstaða PFS var að gera Íslandspósti að fresta gildistöku hækkunarinnar.

### Breytingar á viðskiptaskilmálum Íslandspósts varðandi magnpóst

#### Ákvörðun nr. 14/2013

Ákvörðunin snerist um breytingar á viðskiptaskilmálum Íslandspósts að því er varðaði viðbótarafslátt vegna reglubundinna viðskipta fyrir magnpóst. Forsaga málsins var sú að með úrskurði úrskurðarnefndar fjarskipta- og póstmála nr. 5/2012 felldi nefndin úr gildi þann hluta af ákvörðun PFS nr. 16/2012, sem fjallaði um viðbótarafslátt vegna reglubundinna viðskipta stórnotenda, með þeim rökum að rökstuðning hafi skort fyrir þeim afsláttarþrósentum sem ákveðnar voru. Í hinni nýju ákvörðun var bætt úr þeim annmörkum sem nefndin taldi að væri á hinni fyrri ákvörðun um þetta tiltekna atriði.

### Úttekt á bókhaldslegum aðskilnaði og kostnaðarbókhaldi Íslandspósts

#### Ákvörðun nr. 18/2013

Með ákvörðuninni birti PFS niðurstöður fyrsta áfanga í úttekt stofnunarinnar á bókhaldslegum aðskilnaði og kostnaðarbókhaldi Íslandspósts. Um var að ræða fyrstu heildstæðu úttekt stofnunarinnar á bókhaldi fyrirtækisins, en áður höfðu einstakir þættir þess komið til skoðunar og þá helst í tengslum við samþykki stofnunarinnar á gjaldskrá innan einkaréttar.

Þrátt fyrir að Póst- og fjarskiptastofnun teldi að kostnaðarbókhald Íslandspósts væri í samræmi við viðurkennda aðferðarfræði þá taldi hún þörf á að gera ýmsar endurbætur er vörðuðu forsendur og framkvæmd. Í ákvörðuninni eru því nokkur fyriræli um úrbætur og frekari greiningar á kostnaði félagsins. Þar er helst að nefna:

- Íslandspóstur skuli uppfæra lýsingu á afkomulíkani félagsins og gera hana ítarlegri
- Íslandspóstur skuli fjölga mælingum á bak við álagsstuðla og þá sérstaklega innan alþjónustu og skýrt komi fram hvort stuðlar séu byggðir á mælingum eða mati
- Íslandspóstur skuli endurskoða mat á fastafármunum, ávöxtunarkrófu og kostnaði vegna fjárfestinga

Forsendum og útreikningum Íslandspósts á kostnaði vegna alþjónustukvaða sem fram komu í kostnaðarbókhaldi félagsins var hafnað og lagt fyrir fyrirtækið að gera ítarlegri greiningu á fjárhæð alþjónustukostnaðar félagsins, sem m.a. orsakast af alþjónustukvöð um daglegan útbúð pósts alla virka daga. Stofnunin tók hins vegar enga afstöðu til þess á þessu stigi hvort kostnaður Íslandspósts af alþjónustu væri meiri eða minni en sú upphæð sem millifærð var í kostnaðarbókhaldi félagsins. Þá var og kveðið á um að Íslandspóstur skyldi afhenda PFS tímasetta aðgerðaráætlun um innleiðingu fyrirmæla fyrir 1. október 2013 og að innleiðingu þeirra skyldi að fullu lokið fyrir 1. apríl 2014.

### Lokun póstafréiðslu Íslandspósts

#### Ákvörðun nr. 27/2013

Íslandspósti heimilað að loka póstafréiðslu sinni á Suðureyri. (Póstnúmer 430)

### Lokun póstafréiðslu Íslandspósts

#### Ákvörðun nr. 28/2013

Íslandspósti heimilað að loka póstafréiðslu sinni á Þingeyri. (Póstnúmer 470)

### Hækkun á gjaldskrá Íslandspósts á bréfum innan einkaréttar

#### Ákvörðun nr. 32/2013

Með ákvörðuninni samþykkti PFS, að hluta til, beiðni Íslandspósts hf. um hækkun gjaldskrár fyrir bréf innan einkaréttar. Eftir hækkun varð verð á þeim flokkum bréfa sem tilheyra einkarétti eftirfarandi: A póstur - 130 kr., B póstur - 112 kr., AM póstur (magnpóstur) - 96 kr. og BM póstur (magnpóstur) - 78 kr.

Byggði heimild til hækkunarinnar fyrst og fremst á verulegum samdrætti í póstmagni á undanförunum árum og áframhaldi á þeirri þróun, en á árinu 2013 minnkaði póstmagn um 6% og gert er ráð fyrir um 5% samdrætti árið 2014. Auk þess var horft til kostnaðarhækkana hjá Íslandspósti.

## Úrskurðir úrskurðarnefndar fjarskipta- og póstmála um póst

### Mál nr. 7/2012 - Íslandspóstur hf. gegn Póst- og fjarskiptastofnun

Með úrskurðinum var staðfest ákvörðun PFS nr. 34/2012 sem fjallaði um ágreining milli Íslandspósts og Póstmarkaðarins um hvaða skilmálar og gjaldskrá væru í gildi í kjölfarið á ógildingu úrskurðarnefndar fjarskipta- og póstmála á ákvörðun PFS nr. 36/2010 um breytingar á skilmálum Íslandspósts vegna dreifingar á pósti frá stórnótendum.

### Mál nr. 3/2013 - Kæra Póstmarkaðarins ehf. á ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar

Málið varðaði ákvörðun PFS nr. 14/2013 um breytingar á viðskiptaskilmálum Íslandspósts. Var ákvörðunin staðfest með úrskurði úrskurðarnefndar.

## Dómsmál

Á árinu kvað Héraðsdómur Reykjavíkur upp einn dóm sem varðaði póstpjónustu og samkeppni á markaði fyrir póstpjónustu. Í máli nr. 2167/2012, sýknaði dómurinn Póst- og fjarskiptastofnun af öllum kröfum Póstmarkaðarins ehf. í máli þar sem fyrirtækið krafðist ógildingar á úrskurði úrskurðarnefndar fjarskipta- og póstmála nr. 2/2011. Í úrskurðinum staðfesti nefndin ákvörðun PFS nr. 16/2011 þar sem fjallað var um breytingar á dreifikerfi Íslandspósts, svokallað XY dreifikerfi. Hafnaði dómurinn því m.a. að skilmálarnir hafi verið ómálefnalegir, að meðalhófs og jafnræðis hafi ekki verið gætt, rannsóknarskyldu ekki verið sinnt og að skilmálarnir hafi brotið gegn lögum um póstpjónustu nr. 19/2002 eða 11. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005.

Jafnframt hafnaði héraðsdómur því að skilmálarnir væru ónauðsynlegir til að ná fram lögmatu markmiði, og taldi þá ekki brjóta gegn gæðakröfum reglugerðar nr. 364/2003 eða sjónarmiðum um jafnræði milli viðskiptavina fyrirtækisins.

Einnig var því hafnað að PFS, og úrskurðarnefnd fjarskipta- og póstmála hafi brotið gegn rannsóknarreglu stjórnsýslulaga nr. 37/1993. Héraðsdómur vísaði einnig til þess að samkvæmt viðskiptaskilmálum eiga stórnótendur kost á fleiri þjónustuleiðum og með hliðsjón af gögnum málsins, m.a. um markaðshlutdeild Póstmarkaðarins, var það mat dómsins að stefnandi hefði ekki fært fram haldbær rök fyrir þeirri staðhæfingu sinni að skilmálarnir hafi valdið eða mundu valda alvarlegri röskun á starfsemi þeirra aðila sem þeir taka til eða að forsendur fyrir starfsemi fyrirtækja í póstmíðlun séu brostnar. Þá hafi Póstmarkaðurinn ekki leitt líkur að þeim fullyrðingum sínum að Íslandspóstur hafi með einhverjum hætti reynt að spilla fyrir eða stöðva starfsemi Póstmarkaðarins með umræddum breytingum á viðskiptaskilmálum. Að þessu virtu taldi héraðsdómur að ekki yrði talið að með umræddum skilmálum Íslandspósts hafi með einhverjum hætti verið brotið á meðalhófsreglu 12. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993. Þá yrði ekki séð að í þeim fælist mismunur sem bryti gegn ákvæðum 11. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005 eins og haldið var fram af hálfu Póstmarkaðarins í málinu.

Þá hafnaði dómurinn því að sú framkvæmd Íslandspósts að dagstimpla póst daginn eftir móttöku bryti gegn ákvæðum 31. gr. laga um póstpjónustu nr. 19/2002, sem fjalla um dagstimplun póstsendinga. Einnig var því hafnað að brotið hafi verið á andmælarétti Póstmarkaðarins samkvæmt 13. gr. stjórnsýslulaga við meðferð málsins fyrir úrskurðarnefnd fjarskipta- og póstmála.

Niðurstaða dómsins var því sú að ekki væru efni til þess að verða við kröfu Póstmarkaðarins um að úrskurður úrskurðarnefndar fjarskipta- og póstmála frá 10. október 2011, í máli nr. 2/2011, yrði felldur úr gildi að öllu leyti eða að hluta. Póst- og fjarskiptastofnun var því sýknuð af öllum kröfum Póstmarkaðarins í málinu.

## Starfsemi PFS í tölum árið 2013

### Tíðnum úthlutað

Hljóðvarps- og sjónvarpsstöðvar.....	25
Fastasambönd (fj. linka).....	80
Farstöðvarkerfi á VHF og UHF.....	70
MF og HF.....	0
Skammtímahljóðvarp.....	65
Önnur tímabundin leyfi f. innl. aðila.....	20
Tímab. leyfi fyrir útlendinga.....	50

### Númerum úthlutað

Fjöldi úthlutaðra númera.....	2.830.340
-------------------------------	-----------

### Kvartanir vegna truflana

Kvartanir vegna truflana.....	30
-------------------------------	----

### Útgáfa leyfisbréfa fyrir radiótæki

Flugvélar.....	86
Skip.....	489
Landfarstöðvar á metrabylgju - VHF.....	81
Landfarstöðvar á desimetrabylgju -UHF.....	7
Landfarstöðvar á millibylgju MF.....	0
Handstöðvar á metrabylgju VHF.....	261
Handstöðvar á desimetrabylgju.....	176
Landmóðurstöðvar á metrabylgju.....	4
Landmóðurstöðvar á desimetrabylgju.....	0
Landmóðurstöð neyðarboðtæki (PLB).....	5

### Útgáfa skírteina fyrir notendur

Fjarskiptaskírteini, flug.....	0
Fjarskiptaskírteini, skip (GOG).....	97
Fjarskiptaskírteini, skip (ROC).....	32
Amatörar, innlendir.....	11
Amatörar, erlendir.....	0
Amatörar, ýmislegt.....	15

### Úthlutun einkennisnúmera

Númer fyrir skip.....	150
-----------------------	-----

### Skoðanir á bátum og skipum - skipting eftir landssvæðum

Reykjavík.....	44
Norðvesturkjördæmi.....	38
Norðausturkjördæmi.....	34
Suðurkjördæmi.....	53

Suðvesturkjördæmi.....	25
Skip skráð erlendis.....	26
Skip skoðuð erlendis.....	3

### Radíóbúnaðarskoðun í skipum og opnum vélbátum

Bátar styttri en 24 m. Skoðaðir af skoðunar- stofum og Siglingastofnun Íslands.....	1.335
Bátar lengri en 24. m. og skip.....	220
Skemmtibátar skoðaðir af eigendum.....	105

### Skráðar landstöðvar

#### Fastastöðvar

Metrabylgjustöðvar (VHF).....	378
Desimetrabylgjustöðvar (UHF).....	53
Millibylgjustöðvar (MF-SSB).....	23
Boðkerfi.....	22

#### Farstöðvar í bifreiðum

Millibylgjustöðvar (MF-SSB).....	440
Metrabylgjustöðvar (VHF).....	6.238
Desimetrabylgjustöðvar (UHF).....	100


#### Handstöðvar og merkjasendar

Metrabylgjustöðvar (VHF).....	5.654
Desimetrabylgjustöðvar (UHF).....	1.195
Merkjasendar (vitar).....	44
Ýmis búnaður.....	167

#### Stöðvar í skipum

Millibylgjustöðvar (MF-SSB).....	25
Milli- og stuttbylgjustöðvar (Combined MF/HF).....	208
Metrabylgjustöðvar (VHF).....	3.072
Neyðartalstöðvar.....	576
Radarsvarar (UHF).....	227
Navtex (LF).....	230
Neyðarbaujur, frífljótandi (406 MHz).....	332
Neyðarbaujur í björgunarbátum og inni (406 MHz).....	2.448
Inmarsat B.....	2
Inmarsat C.....	227
Inmarsat M.....	11
AIS (Sjálfvirkt auðkenniskerfi).....	1.732

# PÓST- OG FJARSKIPTASTOFNUN ÁRIÐ 2013



## Forstjóri Póst og fjarskiptastofnunar er Hrafnkell V. Gíslason

**Framkvæmdastjórn** er skipuð forstjóra og forstöðumönnum deilda.

**Greiningardeild** ber ábyrgð á markaðsgreiningu og álagningu og eftirfylgni fjárhagslegra kvaða í framhaldi af því. Deildin sinnir almennri hagfræðilegri greiningu á verksviði PFS, safnar upplýsingum um verðlagningu og tölfræði og er ábyrg fyrir úrvinnslu og birtingu gagna. Greiningardeild hefur einnig umsjón með rekstri vefsins Reiknivél PFS um fjarskiptakostnað fyrir neytendur. Starfsmenn á árinu 2013 voru Óskar Þórðarson forstöðumaður og sérfræðingarnir Guðmann Bragi Birgisson, Hulda Ástþórsdóttir, Ragnar Kristinsson og Snorri Þór Daðason.

**Lögfræðideild** ber ábyrgð á vinnslu stjórnsýsluerinda, lausn deilumála, álagningu og eftirfylgni kvaða sem ekki eru fjárhagslegar, alþjónustu og neytendamálum. Jafnframt sér deildin um formleg alþjóðleg samskipti. Starfsmenn á árinu 2013 voru Björn Geirsson forstöðumaður, sem einnig gegnir hlutverki staðgengils forstjóra þegar við á, Ari Jóhannsson sérfræðingur og lögfræðingarnir Friðrik Pétursson, Guðmunda Á. Geirsdóttir, Unnur Kristín

Sveinbjarnardóttir og Óskar Hafliði Ragnarsson, sem einnig er hópstjóri faglegs teymis um markaðsgreiningar.

**Tæknideild** sér um skipulag og stjórnun tíðnimála og sinnir eftirliti með notkun ljósvakans. Hún hefur markaðseftirlit með fjarskiptatækjum, sinnir net- og upplýsingaöryggi og sér um skoðun radióbúnaðar um borð í skipum. Tæknideild er einnig öðrum deildum til ráðgjafar varðandi tæknileg álitamál sem geta haft áhrif á eftirlitshlutverk stofnunarinnar. Starfsmenn á árinu 2013 voru Þorleifur Jónasson forstöðumaður, Bjarni Sigurðsson sérfræðingur á sviði númeramála, tíðnimála og uppbyggingar og virkni fjarskiptaneta, Hafþór Óskarsson sérfræðingur um net- og upplýsingaöryggi, Hörður R. Harðarson sérfræðingur um tíðnimál, Jósef Kristjánsson kerfisstjóri og skipaskoðunarmaður og Óskar Sæmundsson skipaskoðunarmaður. Starfsmenn netöryggissveitarinnar CERT-IS sem heyrir undir tæknideild voru Stefán Snorri Stefánsson, hópstjóri CERT-IS og sérfræðingarnir Kjartan T. Hjörvar og Sindri Bjarnason.

**Rekstrardeild** sér um rekstrarmál, upplýsingakerfi, mannauðsmál, gæðamál og kynningarmál og styður allt innra starf stofnunarinnar. Starfsmenn á árinu 2013 voru Jóhanna Harpa Árnadóttir forstöðumaður, Anna Dóra Guðmundsdóttir mannauðs- og gæðastjóri, Anna Margrét Sigurðardóttir kynningarfulltrúi, Erla Linda Benediksdóttir móttökuritari og Ingibjörg Sivertsen bókarari. Auk þess var Sigrún Davíðs skjalastjóri ráðin í tímabundið verkefni við stofnunina.

**Tvö fagteymi** voru starfandi innan PFS á árinu; teymi um markaðsgreiningar og netöryggissveitin CERT-IS.

# ÁKVARÐANIR OG ÚRSKURÐIR

## Ákvarðanir PFS

### Samningar Neyðarlínunnar ohf. og Milu ehf. um leigulínur

#### Ákvörðun nr. 1/2013

Málið varðaði upphaf samningstíma og uppsagnarfrest samninga viðkomandi aðila um leigulínur.

### Breytingar á viðmiðunartilboði Milu um leigulínur

#### Ákvörðun nr. 2/2013

PFS heimilar Milu að gera breytingar á viðmiðunartilboði sínu um leigulínur.

### Kvörtun vegna fyrirhugaðra breytinga Íslandspósts á gjaldskrá

#### Ákvörðun nr. 3/2013

Bráðabirgðaákvörðun PFS vegna kvörtunar Árvakurs hf. vegna fyrirhugaðrar hækkunar Íslandspósts á gjaldskrá í þyngdarflokknum 51-2000 gr. Niðurstaða PFS var að gera Íslandspósti að fresta gildistöku hækkunarinnar.

### Kvörtun um truflanir af völdum útsendinga Ríkisútvarpsins

#### Ákvörðun nr. 4/2013

Kvartað var til PFS um truflanir af völdum útsendinga Ríkisútvarpsins ohf. í Sandgerði. Niðurstaða stofnunarinnar var að áhrif útvarpsendinga frá sendi Ríkisútvarpsins í Sandgerði, á útvarpsendingar annarra útvarpsstöðva sem nást á svæðinu, teldust ekki skaðlegar truflanir í skilningi fjarskiptalaga. Var kröfu kvartanda um að slökkt yrði á umræddum sendi Ríkisútvarpsins hafnað.

### Umsókn Neyðarlínunnar um framlag úr jöfnunarsjóði

#### Ákvörðun nr. 5/2013

PFS samþykkti umsókn Neyðarlínunnar ohf. um framlag úr jöfnunarsjóði fyrir árið 2013 að upphæð kr. 55.802.000.

### Kostnaðargreining á umsýslugjaldi fyrir númera- og þjónustuf lutning

#### Ákvörðun nr. 6/2013

Ný kostnaðargreining PFS á umsýslugjaldi fyrir númera- og þjónustuf lutning. Niðurstaða PFS var að umsýslugjald skyldi verða 440 kr. á hverja beiðni fyrir stök númer og 8.750 kr. á hverja beiðni fyrir innvalsseríur, án vsk. Hin nýju verð skyldu taka gildi þann 1. september 2013.

### Kvörtunarmál vegna fjarskiptatruflana af völdum rafmagnsgirðingar

#### Ákvörðun nr. 7/2013

PFS barst kvörtun vegna truflana á fjarskiptasambandi um jarðsímalinu sem þjónustar heimabyggð kvartanda á Vestfjörðum. Var vísað til þess að umræddar truflanir væri að rekja til rafmagnsgirðingar sem staðsett væri á nærliggjandi jörð. Að lokinni vettvangsrannsókn og prófunum var eiganda girðingarinnar gert að gera úrbætur á henni til að fyrirbyggja fjarskiptatruflanir.

### Síminn með umtalsverðan markaðsstyrk á smásölumörkuðum fyrir aðgang að fasta talsímanetinu

#### Ákvörðun nr. 8/2013

Eftir markaðsgreiningu á markaði 1, smásölumarkaði fyrir aðgang að fasta almenna talsímanetinu, var það niðurstaða PFS að Síminn væri með umtalsverðan markaðsstyrk á þessum markaði og var áður álögðum kvöðum á félagið því viðhaldið, m.a. kvöðum um aðgang annarra fjarskiptafyrirtækja að fastaneti Símans og þjónustu á heildsölustigi á kostnaðargreindum verðum.

### Síminn ekki lengur með umtalsverðan markaðsstyrk á smásölumörkuðum fyrir almenna talsímaþjónustu á fastaneti

#### Ákvörðun nr. 9/2013

PFS framkvæmdi markaðsgreiningu á smásölumörkuðum fyrir almenna talsímaþjónustu á fastaneti (mörkuðum nr. 3 - 6 skv. eldri tilmælum ESA frá 2004). Niðurstaða stofnunarinnar var að félagið væri ekki lengur með umtalsverðan markaðsstyrk og því var felld niður útnefning Símans sem fyrirtækis með umtalsverðan markaðsstyrk á þessum mörkuðum.

### Kvörtunarmál vegna gjaldfærslu fyrir reikþjónustu

#### Ákvörðun nr. 10/2013

Kvartað var til PFS vegna reiknings sem kvartanda barst frá Hringdu ehf. fyrir notkun á reikigagnþjónustu erlendis. Var kvörtunin í nokkrum liðum. Komst stofnunin að þeirri niðurstöðu að fyrirtækið hafi brotið gegn reglugerð ESB um hámarksverð til neytenda á farsímanotkun innan EES svæðisins með því að senda ekki sjálfvirk skilaboð til kvartanda með grunnupplýsingum um gjöld fyrir veitingu reikigagnþjónustu. Einnig taldi stofnunin að Hringdu hafi brotið gegn sömu reglugerð með því að gjaldfæra kvartanda samkvæmt annarri verðskrá en þeirri sem reglugerð ESB mælir fyrir um.

Hins vegar hafnaði PFS kröfu kvartanda um að Hringdu hafi verið óheimilt að gjaldfæra kvartanda fyrir reikþjónustu vegna brots á fyrrnefndri upplýsingaskyldu.

**Kvörtunarmál vegna óumbeðinna fjarskipta****Ákvörðun nr. 11/2013**

Málið snerist um kvörtun vegna óumbeðinna fjarskipta Wow Air ehf. Í ákvörðuninni er kveðið á um að Wow Air hafi brotið gegn ákvæði 46. gr. fjarskiptalaga, þegar félagið sendi kæranda tölvupóst fyrir beina markaðssetningu á netfang hans í janúar 2014, eftir að hann hafði afþakkað slíkan póst. Hins vegar var talið að samþykki viðkomandi hafi legið fyrir slíkum tölvupóstum sem sendir voru áður, þ.e. í október og nóvember 2012 og ákveðið að með þeim tölvupóstsendingum hafi Wow Air ekki brotið gegn framangreindu ákvæði laga um fjarskipti.

**Kvörtunarmál vegna meintrar synjunar á númera- og þjónustuflutningi****Ákvörðun nr. 12/2013**

PFS barst kvörtun vegna meintrar synjunar á númera- og þjónustuflutningi frá Hringdu ehf. til Fjarskipta hf. Taldi stofnunin Fjarskipti hf. (Vodafone) hafa brotið gegn reglum um númera- og þjónustuflutning í almennum fjarskiptanetum með því að standa ekki rétt að beiðni um flutning á umræddu símanúmeri úr FFER þjónustu hjá Hringdu ehf. yfir í FF þjónustu hjá Fjarskiptum hf. og leiðréttu ekki án tafar mistök sín við umrædda beiðni þegar félaginu mátti vera ljóst að flutningur á númerinu hafði ekki náð fram að ganga.

**Kvörtunarmál vegna óumbeðinna fjarskipta****Ákvörðun nr. 13/2013**

Málið snerist um kvörtun vegna óumbeðinna fjarskipta Heimkaupa ehf.

**Breytingar á viðskiptaskilmálum Íslandspósts varðandi magnpóst****Ákvörðun nr. 14/2013**

Ákvörðunin snerist um breytingar á viðskiptaskilmálum Íslandspósts að því er varðaði viðbótarafslátt vegna reglubundinna viðskipta fyrir magnpóst. Forsaga málsins var sú að með úrskurði úrskurðarnefndar fjarskipta- og póstmála nr. 5/2012 felldi nefndin úr gildi þann hluta af ákvörðun PFS nr. 16/2012, sem fjallaði um viðbótarafslátt vegna reglubundinna viðskipta stórnótenda, með þeim rökum að rökstuðningur hafi skort fyrir þeim afsláttarprósentum sem ákveðnar voru. Í hinni nýju ákvörðun var bætt úr þeim annmörkum sem nefndin taldi að væri á fyrri ákvörðun um þetta tiltekna atriði.

**Endurskoðun á gjaldskrá Mílu fyrir koparheimtaugar****Ákvörðun nr. 15/2013**

Með ákvörðuninni samþykkti PFS 8,6% hækkun á heildsöluverðum Mílu fyrir leigu á koparheimtaugum. Verð fyrir fullan aðgang að koparheimtaug varð 1.386 kr. Tók hækkunin gildi þann 1. ágúst 2013.

**Breyting á gjaldskrá Mílu fyrir lúkningarluta leigulína****Ákvörðun nr. 16/2013**

Með ákvörðuninni samþykkti PFS 1,9% - 8,6% hækkun á heildsöluverðum Mílu fyrir aðgang að lúkningarluta leigulína. Um var að ræða hækkun sem tengdist beint þeirri hækkun á heimtaugaleiguverði sem samþykkt var með ákvörðun PFS nr. 15/2013. Tók þessi hækkun gildi á sama tíma, þann 1. ágúst 2013.

**Breytingar á viðmiðunartilboði Símans um samtengingu talsímaneta****Ákvörðun nr. 17/2013**

Með ákvörðuninni samþykkti PFS tilteknar breytingar á viðmiðunartilboði Símans um samtengingu talsímaneta (RIO). Um var að ræða smávægilegar breytingar sem fyrst og fremst vörðuðu þjónustuleiðina „Fast forval – einn reikningur“ eða FFER.

**Úttekt á bókhaldslegum aðskilnaði og kostnaðarbókhaldi Íslandspósts****Ákvörðun nr. 18/2013**

Með ákvörðuninni birti PFS niðurstöður fyrsta áfanga í úttekt stofnunarinnar á bókhaldslegum aðskilnaði og kostnaðarbókhaldi Íslandspósts. Um var að ræða fyrstu heildstæðu úttekt stofnunarinnar á bókhaldi fyrirtækisins, en áður höfðu einstakir þættir þess komið til skoðunar og þá helst í tengslum við samþykki stofnunarinnar á gjaldskrá innan einkaréttar.

Megin niðurstaða stofnunarinnar var að kostnaðarbókhald og bókhaldslegur aðskilnaður Íslandspósts byggði á viðurkenndri aðferðarfræði sem væri í samræmi við ákvæði laga nr. 19/2002 um pósthjónustu og reglugerð nr. 313/2005 um bókhaldslega og fjárhagslega aðgreiningu í rekstri póstrekinda.

Þrátt fyrir þetta taldi stofnunin þörf á að gera ýmsar endurbætur og eru í ákvörðuninni nokkur fyrirmæli um úrbætur.

**Kvörtunarmál vegna óumbeðinna fjarskipta****Ákvörðun nr. 19/2013**

Málið snerist um kvörtun vegna óumbeðinna fjarskipta Símans hf.

**Aðild Mílu að máli er varðar beiðni Gagnaveitu Reykjavíkur um samþykki PFS fyrir hlutafjárukningu í félaginu****Ákvörðun nr. 20/2013**

Málið snerist um kröfu Mílu ehf. um að njóta aðilastöðu í máli er varðaði beiðni Gagnaveitu Reykjavíkur ehf. (GR) um samþykki Póst- og fjarskiptastofnunar (PFS) fyrir hlutafjárukningu í GR. Niðurstaða PFS var að Míla skyldi eiga aðild að málinu.

**Kvörtunarmál vegna óumbeðinna fjarskipta****Ákvörðun nr. 21/2013**

Málið snerist um kvörtun vegna óumbeðinna fjarskipta Spyr.is

**Beiting dagsekta gegn Hringiðunni ehf. vegna skorts á upplýsingagjöf****Ákvörðun nr. 22/2013**

PFS ákvað að beita Hringiðuna ehf. dagsektum þar sem fyrirtækið hafði ekki skilað inn umbeðnum tölulegum upplýsingum, sem stofnunin hefur heimild til að krefjast skv. reglum um upplýsingagjöf fjarskiptafyrirtækja sem m.a. er að finna í lögum nr. 69/2003 um Póst- og fjarskiptastofnun.

**Beiting dagsekta gegn iCell ehf. vegna skorts á upplýsingagjöf****Ákvörðun nr. 23/2013**

PFS ákvað að beita iCell ehf. dagsektum þar sem fyrirtækið hafði ekki skilað inn umbeðnum tölulegum upplýsingum, sem stofnunin hefur heimild til að krefjast skv. reglum um upplýsingagjöf fjarskiptafyrirtækja sem m.a. er að finna í lögum nr. 69/2003 um Póst- og fjarskiptastofnun.

**Breytingar á viðmiðunartilboðum Símans****Ákvörðun nr. 24/2013**

Málið fjallaði um tiltekna breytingar sem PFS mælti fyrir um á viðmiðunartilboði Símans um endursöluaðgang að talsímaneti annars vegar og viðmiðunartilboði Símans um samtengingu talsímaneta hins vegar.

**Mælt fyrir um verðlækkun á lúkningu símtala í einstökum farsímanetum****Ákvörðun nr. 25/2013**

Ákvörðunin varðaði verðsamanburð á heildsölumarkaði fyrir lúkningu símtala í einstökum farsímanetum (markaður 7). Mælti PFS fyrir um að niðurstaða verðsamanburðarins skyldi verða grundvöllur hámarks lúkningarverðs Símans, Vodafone, Nova, IMC og Tals á árinu 2014, í stað kostnaðargreiningar Símans sem PFS samþykkti árið 2010. Þau verð sem umrædd kostnaðargreining Símans leiddi í ljós, 4. kr./mín, skyldu gilda út árið 2013. Samkvæmt framangreindum verðsamanburði skyldi hámarksverðið lækka í 1,64 kr./mín frá og með 1. janúar 2014.

**Bráðabirgðaákvörðun um heimild Gagnaveitu Reykjavíkur ehf. til framlengingar lánasamnings við Orkuveitu Reykjavíkur****Ákvörðun nr. 26/2013**

PFS samþykkti beiðni Gagnaveitu Reykjavíkur ehf. (GR) um bráðabirgðaákvörðun um heimild GR til framlengingar lánasamnings við Orkuveitu Reykjavíkur, sem að óbreyttu átti að gjaldfalla 1. nóvember 2013. Skyldi framlengingin gilda þar til einum mánuði eftir að niðurstaða væri fengin í máli er varðaði beiðni Gagnaveitu Reykjavíkur ehf. um samþykki stofnunarinnar fyrir hlutafjárukningu í félaginu.

**Lokun póstafræiðslu Íslandspósts****Ákvörðun nr. 27/2013**

Íslandspósti heimilað að loka póstafræiðslu sinni á Suðureyri. (Póstnúmer 430)

**Lokun póstafræiðslu Íslandspósts****Ákvörðun nr. 28/2013**

Íslandspósti heimilað að loka póstafræiðslu sinni á Þingeyri. (Póstnúmer 470)

**Umsókn Mílu um alþjónustuframlag****Ákvörðun nr. 29/2013**

Með ákvörðuninni hafnaði PFS, að svo stöddu, umsókn Mílu um tæplega 200 millj. kr. framlag úr jöfnunarsjóði alþjónustu fyrir árið 2013 vegna taps á rekstri koparlínukerfis félagsins í strjálbýli. Tekið var fram að stofnunin myndi taka umsóknina aftur til meðferðar ef Míla færði hana í það horf sem mælt var fyrir um í ákvörðuninni og afhenti þau gögn sem stofnunin taldi nauðsynleg til að leggja fullnægjandi mat á umsóknina. Var Mílu gefinn frestur til 1. júlí 2014 til að skila nýrri umsókn. Að öðrum kosti yrði lítið svo á að Míla hefði fallið frá umsókn.

**Útnefning Mílu með skyldu til að veita aðgang að tengingu við almenna fjarskiptanetið****Ákvörðun nr. 30/2013**

Með ákvörðuninni var Míla ehf. útnefnd með skyldu til að veita aðgang að tengingu við almenna fjarskiptanetið. Útnefningin gildir til 31. júní 2014, með heimild til framlengingar til 31. desember 2014. Einnig fjallar ákvörðunin um að ekki sé ástæða til að fella á alþjónustuskýldur í tengslum við aðgang að talsímaþjónustu, aðgang að gagnaflutningsþjónustu, rekstur almenningssíma og þjónustu við öryrkja eða notendur með sérstakar þjóðfélagsþarfir.

**Aflétting alþjónustukvaða Já upplýsingaveitna hf. og afturköllun leyfis til notkunar á símanúmerinu 118****Ákvörðun nr. 31/2013**

Í ákvörðuninni var birt sú niðurstaða PFS að falla frá boðaðri kvöð á Já um útgáfu prentaðrar símaskrár. Byggir þessi niðurstaða á skuldbindandi yfirlýsingu sem Já hafði sent frá sér um útgáfu prentaðrar símaskrár til næstu þriggja ára. Með því taldi stofnunin tryggt að skilyrði fyrir alþjónustu um slíka útgáfu væru uppfyllt. Með tilliti til meðalhófsreglu stjórnsýslulaga var það því ákvörðun stofnunarinnar að fella niður umrædda kvöð á félagið.



Öðru máli gegndi hins vegar þegar kæmi að vefútgáfu símaskrárinnar, upplýsingaþjónustu um símanúmer og varðveislu gagnagrunns eftir að nýtt fyrirkomulag skráningarhalds kæmist til framkvæmda árið 2014. Stofnunin taldi að með breyttu fyrirkomulagi skráningarhalds, skapaðist grundvöllur fyrir aðila til að keppa á markaði fyrir upplýsingaþjónustu um símanúmer, sem að sama skapi tryggði að þjónustan væri veitt án íþyngjandi inngripa stjórnvalda með álagningu kvaða.

Í ákvörðuninni var einnig tilgreint að hætt skuli notkun á símanúmerinu 118 eigi síðar en 30. júní 2015 og var heimild Já til notkunar á símanúmerinu afturkölluð frá þeim tíma. Aðilum á markaði var þó gert heimilt að veita upplýsingaþjónustu um símanúmer í fjögurra tölustafa símanúmerum úr 1800 númeraröðinni.

### **Hækkun á gjaldskrá Íslandspósts á bréfum innan einkaréttar**

#### **Ákvörðun nr. 32/2013**

Með ákvörðuninni samþykkti PFS, að hluta til, beiðni Íslandspósts hf. um hækkun gjaldskrár fyrir bréf innan einkaréttar. Eftir hækkun varð verð á þeim flokkum bréfa sem tilheyra einkarétti, eftirfarandi: A póstur - 130 kr., B póstur - 112 kr., AM póstur (magnpóstur) - 96 kr. og BM póstur (magnpóstur) - 78 kr.

Byggði heimild til hækkunarinnar fyrst og fremst á verulegum samdrætti í póstmagni á undanföllum árum og áframhaldi á þeirri þróun, en á árinu 2013 minnkaði póstmagn um 6% og gert er ráð fyrir um 5% samdrætti árið 2014. Auk þess var horft til kostnaðarhækkana hjá Íslandspósti.

### **Breytingar á viðmiðunartilboði Mílu fyrir opinn aðgang að heimitaugum**

#### **Ákvörðun nr. 33/2013**

Með ákvörðuninni samþykkti PFS, að hluta til, breytingar á viðmiðunartilboði Mílu fyrir opinn aðgang að heimitaugum en gerði þó athugasemdir. Var Mílu gert að uppfæra viðmiðunartilboðið m.t.t. athugasemda PFS og birta það á aðgengilegan hátt á vefsíðu sinni fyrir 1. febrúar 2014.

## Úrskurðir úrskurðarnefndar fjarskipta- og póstmála

### **Mál nr. 7/2012 - Íslandspóstur hf. gegn Póst- og fjarskiptastofnun**

Með úrskurðinum var staðfest ákvörðun PFS nr. 34/2012 sem fjallaði um ágreining milli Íslandspósts og Póstmarkaðarins um hvaða skilmálar og gjaldskrá væru í gildi í kjölfarið á ógildingu úrskurðarnefndar fjarskipta- og póstmála á ákvörðun PFS nr. 36/2010 um breytingar á skilmálum Íslandspósts vegna dreifingar á pósti frá stórnötendum.

### **Mál nr. 6/2012 - Nova gegn Póst- og fjarskiptastofnun**

Málið varðaði ákvörðun PFS nr. 32/2012 um að heilidsölugjöld fyrir lúkningu símtala í einstökum farsímanetum á Íslandi skyldu vera 1,66 kr./mín. fyrir tímabilið 1. júlí 2013 til 31. desember 2013. Var ákvörðunin staðfest utan þess hluta hennar sem sneri að tímasetningu á gildistöku umrædds heilidsölugjalds. Var sá hluti ákvörðunarinnar felldur úr gildi og taldi úrskurðarnefnd að lengri frestur á gildistöku lúkningarverðs samkvæmt hinni kærðu ákvörðun hefði verið í betra samræmi við meðalhófsreglu stjórnsýslulaga.

### **Mál nr. 1/2013 - X gegn Póst- og fjarskiptastofnun**

Málið varðaði ákvörðun PFS nr. 7/2013 í kvörtunarmáli vegna fjarskiptatruflana af völdum rafmagnsgirðingar þar sem eiganda girðingarinnar var gert skylt að gera viðeigandi úrbætur. Með úrskurði úrskurðarnefndarinnar var sú ákvörðun PFS staðfest.

### **Mál nr. 2/2013 - Kæra X á ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar nr. 11/2013**

Málið varðaði óumbeðin fjarskipti. Með úrskurði sínum komst úrskurðarnefndin að þeirri niðurstöðu að Wow Air ehf. hefði brotið gegn ákvæði 46. gr. fjarskiptalaga nr. 81/2003, þegar félagið sendi tölvupóst fyrir beina markaðssetningu á tölvupóstfang kæranda í október og nóvember 2012. Taldi nefndin að félagið hefði ekki fært sönnur á að Iceland Express, forveri Wow Air ehf., hafi aflað upplýsts samþykkis kæranda fyrir slíkum sendingum líkt og framangreint ákvæði gerir kröfu um. Í úrskurði sínum lagði nefndin annað mat á gögn málsins en PFS gerði í ákvörðun sinni nr. 11/2013, þegar stofnunin komst að þeirri niðurstöðu að sendingar umræddra tölvupósta hafi verið í samræmi við fjarskiptalög.

Í málinu var jafnframt tekist á um hvort yfirfærsla tölvupóstlista Iceland Express til Wow Air ehf. hafi verið heimil. Staðfesti nefndin þá niðurstöðu PFS að stofnunin sé ekki bær til að endurmeta lögmati samrunans og þar með yfirfærslu þeirra eigna sem kaupnum fylgdi.

### **Mál nr. 3/2013 - Kæra Póstmarkaðarins ehf. á ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar**

Málið varðaði ákvörðun PFS nr. 14/2013 um breytingar á viðskiptaskilmálum Íslandspósts. Var ákvörðunin staðfest með úrskurði úrskurðarnefndar.

### **Mál nr. 4/2013 - Kæra Mílu ehf. á málsmeðferðarákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar**

Málið varðaði ákvörðun PFS nr. 29/2013 þar sem stofnunin hafnaði kröfu Mílu um aðild að máli er varðaði beiðni Gagnaveitu Reykjavíkur um samþykki PFS fyrir hlutfjáruakningu í félaginu. Með úrskurði úrskurðarnefndar var ákvörðun PFS staðfest.

# Ársreikningur Póst- og fjarskiptastofnunar 2013

## Rekstrarreikningur árið 2013

	2013	2012
<b>Tekjur</b>		
Markaðar tekjur.....	345.905.523	300.868.277
Rekstrartekjur .....	26.332.882	19.725.640
	<u>372.238.405</u>	<u>320.593.917</u>
<b>Gjöld</b>		
Laun og launatengd gjöld .....	242.936.038	241.190.848
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður .....	14.624.483	17.825.938
Funda- og ferðakostnaður .....	12.168.100	19.505.431
Aðkeypt sérfræðipjónusta .....	17.585.077	23.228.027
Rekstur tækja og áhalda .....	565.833	1.003.982
Annar rekstrarkostnaður .....	6.059.628	7.571.729
Húsnæðiskostnaður .....	25.105.472	22.940.605
Félagsgjöld til alþjóðastofnana .....	23.008.441	18.710.576
Bifreiðakostnaður .....	1.076.282	1.683.363
Tilfærslur .....	50.000	40.000
	<u>343.179.354</u>	<u>353.700.499</u>
Eignakaup.....	3.758.041	13.704.073
	<u>346.937.395</u>	<u>367.404.572</u>
<b>Tekjuafgangur, (tekjuhalli) fyrir hrein fjármagnsgjöld</b>	25.301.010	(46.810.655)
Hreinar fjármunatekjur.....	1.801.072	1.603.879
<b>Tekjuafgangur, (tekjuhalli) fyrir ríkisframlag</b>	27.102.082	(45.206.776)
Ríkisframlag .....	5.000.000	10.000.000
<b>Tekjuafgangur, (tekjuhalli) ársins</b>	<u>32.102.082</u>	<u>(35.206.776)</u>

## Efnahagsreikningur 31. desember 2013


	2013	2012
<b>Eignir</b>		
<b>Veltufjármunir</b>		
Ríkissjóður.....	39.708.673	10.979.253
Víðskiptakröfur.....	5.617.280	5.851.537
Handbært fé.....	30.858.946	30.064.775
	<u>76.184.899</u>	<u>46.895.565</u>
<b>Eignir alls</b>	<u>76.184.899</u>	<u>46.895.565</u>
<b>Eigið fé og skuldir</b>		
<b>Eigið fé</b>		
<b>Höfuðstóll:</b>		
Höfuðstóll í ársbyrjun.....	(1.146.951)	41.105.144
Millifært á bundið eigið fé.....	(37.120.085)	(7.045.319)
Tekjuafgangur, (tekjuhalli) ársins.....	32.102.082	(35.206.776)
<b>Höfuðstóll</b>	<u>(6.164.954)</u>	<u>(1.146.951)</u>
<b>Annað eigið fé:</b>		
Bundið eigið fé.....	76.565.404	39.445.319
<b>Eigið fé</b>	<u>70.400.450</u>	<u>38.298.368</u>
<b>Skuldir</b>		
<b>Skammtímaskuldir</b>		
Víðskiptaskuldir.....	5.784.449	8.597.197
<b>Skuldir</b>	<u>5.784.449</u>	<u>8.597.197</u>
<b>Eigið fé og skuldir</b>	<u>76.184.899</u>	<u>46.895.565</u>

## Skráð fjarskiptafyrirtæki í lok árs 2013

Nafn	Útgefið / skráð	Tegund starfsemi
365-miðlar ehf.	17.1.2013	Farsíma- og gagnaflutningsþjónusta
Advania hf.	17.4.2002	Gagnaflutningsþjónusta
Altern Tel ehf.	8.1.2010	Talsíma-, farsíma- og gagnaflutningsþjónusta
Ábótinn ehf.	28.3.2003	Gagnaflutningsnet og -þjónusta
Backbone ehf.	25.8.2010	Gagnaflutningsnet og -þjónusta
Bloomberg Finance L.P.	19.7.2007	Leigulínubjónusta og almennt fjarskiptanet
Boðleið Þjónusta ehf.	24.9.2013	Gagnaflutningsþjónusta
Brimrún ehf.	3.4.2008	Gagnaflutningsþjónusta um genvitugl
Caze ehf.	9.12.2013	Gagnaflutningsþjónusta
Colt Lux Group Holding S.a.r.l.	9.12.2011	Gagnaflutningsþjónusta
Datacell ehf.	25.8.2010	Gagnaflutningsþjónusta
Davíð og Góliat ehf.	3.5.2010	Talsíma- og gagnaflutningsþjónusta
DCN Hub ehf.	10.12.2012	Farsíma- og gagnaflutningsþjónusta
DVD-Margmiðlun ehf.	6.2.2004	Rekstur breiðbandskerfis fyrir útvarpsdreifingu
Einar Ben Þorsteinsson	26.8.2013	Gagnaflutningsnet- og þjónusta
Emerald Atlantis ehf.	29.6.2011	Sæstrengur og gagnaflutningsþjónusta
Equant á Íslandi ehf.	7.7.2004	Gagnaflutningsþjónusta
Factor ehf.	30.5.2013	Gagnaflutningsnet- og gagnaflutningsþjónusta
Farice ehf.	2.9.2003	Sæstrengur
Fjarskiptafélag Skeiða- og Gnúpverjahrepps ehf.	8.3.2013	Gagnaflutningsnet
Fjarskipti hf.	27.3.2007	Talsímaþjónusta, farsímaþjónusta, gagnaflutningsþjónusta og fjarskiptanet
Fjölnet ehf.	26.10.2001	Talsíma-, gagnaflutningsþjónusta og fjarskiptanet
Fónn ehf.	26.5.2009	Talsíma-, gagnaflutningsþjónusta og fjarskiptanet
Gagnaveitan ehf.	8.6.2011	Fjarskiptaþjónusta
Gagnaveita Hornafjarðar ehf.	13.2.2013	Fjarskiptanet
Gagnaveita Reykjavíkur ehf.	23.3.2007	Gagnaflutningsnet og -þjónusta
Gagnaveita Skagafjarðar ehf.	30.11.2006	Gagnaflutningsþjónusta
Gagnaveita Suðurlands ehf.	9.12.2013	Gagnaflutningsþjónusta
GlobalCall ehf.	4.9.2008	Talsímaþjónusta
Gullskógar ehf.	5.2.2010	Talsímaþjónusta
Hátíðni hf.	24.1.2001	Talsíma-, gagnaflutningsþjónusta og fjarskiptanet
Hringdu ehf.	9.11.2010	Talsíma- og gagnaflutningsþjónusta

Nafn	Útgefið / skráð	Tegund starfsemi
Hringiðan ehf./Vortex Inc.	3.12.1998	Talsíma-, gagnaflutningsþjónusta og fjarskiptanet
Hringtorg ehf.	5.11.2012	Fjarskiptaþjónusta
IceCell ehf.	28.6.2007	DCS 1800 farsímaþjónusta og VOIP þjónusta
iCell ehf.	25.8.2010	GSM, talsímaþjónusta, gagnaflutningsþjónusta o.fl.
IMC Ísland ehf.	27.6.2000	DCS 1800 farsímaþjónusta
Internet á Íslandi hf.	3.2.1998	Fjarskiptanet, talsíma- og gagnaflutningsþjónusta
IP fjarskipti ehf. (TAL)	15.9.2004	Talsíma-, farsíma- og gagnaflutningsþjónusta
IRJA ehf.	3.5.2010	Gagnaflutningsþjónusta
Isavia ehf.	30.12.2010	Talþjónusta við flugvélur
Já upplýsingaveitur hf.	21.11.2007	Útg. síma- og vistfangaskrár. Símauppl.þjónusta
Kapalkerfi ehf.	14.5.2004	Rekstur kapalkerfis
Kukl ehf.	20.3.2009	Talsíma-, gagnaflutningsþjónusta og fjarskiptanet
Kvíaholt ehf.	20.2.2012	Talsíma- og gagnaflutningsþjónusta
Lancelot BV	20.2.2012	Farsímanet- og þjónusta
Landhelgisgæsla Íslands	1.1.2011	Rekstur og útleiga NATO ljósleiðarastrengs
Ljós og gagnaleiðari ehf.	10.8.2009	Gagnaflutningsnet
Magnavík ehf.	1.4.2004	Gagnaflutningsþjónusta
Martölvan ehf.	26.11.2007	Talsíma, gagnaflutningsþjónusta og fjarskiptanet
Míla ehf.	4.4.2007	Fjarskiptanet
Nepal hugbúnaður	21.2.2005	Gagnaflutningsþjónusta og þráðlaust fjarskiptanet
Netsamskipti ehf.	4.12.2002	Talsíma-, gagnaflutningsþjónusta og fjarskiptanet
Netvarpið ehf.	12.8.2013	Talsíma-, gagnaflutningsþjónusta og fjarskiptanet
Neyðarlínan ohf.	6.10.1999	Talsímaþjónusta/neyðarsímsvörun
Nextgen Mobile Ltd.	11.11.2013	Farsíma- og gagnaflutningsþjónusta
Nova ehf.	12.7.2006	Talsíma- og gagnaflutningsþjónusta
Nýherji hf.	12.12.2011	Gagnaflutningsþjónusta
OnAir S.A.R.L.	29.4.2008	Farsímaþjónusta um borð í flugvélum (MCA)
Opex ehf.	12.9.2013	Talsíma- og gagnaflutningsþjónusta
Opin kerfi ehf.	25.2.2011	Gagnaflutningsþjónusta
Orkufjarskipti hf.	26.10.2001	Fjarskiptanet
Packet ehf.	11.2.2011	Gagnaflutningsnet og -þjónusta
Radío ehf. - Íslensk fjarskipti	22.8.2006	Fjarskiptaþjónusta

Nafn	Útgefið / skráð	Tegund starfsemi
Ríkisútvarpið ohf.	29.7.1997	Fjarskiptaþjónusta: Hljóðvarp og sjónvarp
Símafélagið ehf.	15.10.2008	Talsímaþjónusta og fjarskiptanet
Símaþjónustan ehf.	28.6.2013	Talsímaþjónusta
Síminn hf.	30.7.1998	Talsímaþjónusta, GSM, gagnaflutningsnet o.fl.
Sjónvarpsmiðstöðin ehf.	8.10.2009	Gagnaflutningsþjónusta
Smartphone ehf.	8.3.2013	Tal- og farsímaþjónusta
Snerpa ehf.	17.8.2000	Fjarskiptanet/ tal- og gagnaflutningsþjónusta
Softverk ehf.	20.3.2009	Talsíma-, gagnaflutningsþjónusta og fjarskiptanet
SportTV ehf.	12.8.2013	Sjónvarp, hljóðvarp og fjarskiptaþjónusta
Stykkishólmsbær	2.5.2002	Gagnaflutningsnet
TELE Greenland A/S	24.6.2008	Sæstrengur
Tengir ehf.	20.9.2002	Ljósleiðaranet
TSC ehf.	18.1.2002	Talsíma-, gagnaflutningsþjónusta og fjarskiptanet
Tæknimiðlun ehf.	27.8.2010	Gagnaflutningsþjónusta
Tölvu- og rafeindaþjónusta Suðurlands ehf.	29.3.2004	Gagnaflutningsþjónusta
Tölvun ehf.	25.4.2003	Gagnaflutningsnet og -þjónusta
Tölvustöð ehf.	15.4.2009	Gagnaflutningsþjónusta
Upplýsingatæknifélagið Omnis ehf.	28.1.2013	Gagnaflutningsþjónusta
Pekking - Tristan hf.	16.1.2004	Gagnaflutningsnet og -þjónusta
Örugga símafélagið ehf.	13.12.2010	Talsímaþjónusta og fjarskiptanet
Öryggisfjarskipti ehf.	6.10.2008	Fjarskiptaþjónusta og fjarskiptanet/TETRA





PÓST- OG FJARSKIPTASTOFNUN

[www.pfs.is](http://www.pfs.is)